



UMSÖGN

Viðtakandi: Alþingi, umhverfis- og samgöngunefnd

Sendandi: Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019, 340. mál.

Reykjavíkurborg hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á umferðarlögum (77/2019), sem snýr að lækkun hámarkshraða. Skrifstofa borgarstjórnar fól umhverfis- og skipulagssviði meðferð málsins.

1. grein frumvarpsins, liður a, snýr að almennum hraðamörkum innan þéttbýlis. Núverandi almenn hraðamörk innan þéttbýlis eru 50 km/klst., en skv. gildandi lögum má ákvarða lægri hraðamörk m.t.t. umferðaröryggis o.fl.

Ekki er ljóst hvenær eða hvers vegna valið var að setja almenn hraðamörk sem 50 km/klst., en þannig hafa þau verið a.m.k. frá árinu 1968. Þau hraðamörk taka ekki mið af kunnáttu, rannsóknnum, og þróun sem hefur átt sér stað síðustu áratugi m.t.t. fjölda og alvarleika umferðaróhappa innan borga. Almenn hraðamörk 50 km/klst. leiða til þess að hraðamörk eru oft á tíðum of há innan þéttbýlis og samþykkja þarf og auglýsa sérstaklega um að lækka hraðmörkin út frá umferðaröryggissjónarmiðum á stórum hluta gatnakerfisins. Það hefur verið reyndin í Reykjavík þar sem um 60 % af gatnakerfi sveitarfélagsins eru nú með 30 km/klst. eða lægri hámarkshraða og gera má ráð fyrir að það hlutfall hækki til framtíðar.

Afleiðingar umferðaróhapps þar sem ekið er á gangandi eða hjólandi vegafaranda á 50 km/klst. eru mun meiri en ef hraðinn er nærri 30 km/klst. Æskilegt má telja að almennur grunnhraði sé ákvarðaður út frá því hvaða hraða vegfarendur á ferð um meirihluta gatnakerfisins þola án þess að eiga á hættu að slasast alvarlega, en að velja megi hærri hraða þar sem það er talið ásættanlegt út frá umferðaröryggi.

Reykjavíkurborg tekur undir meginrök fyrir þessari breytingartillögu og telur að hugmyndin um að almenn hraðamörk í þéttbýli verði 30 km/klst. í stað 50 km/klst. falli vel að þeim markmiðum og áherslum sem Reykjavíkurborg hefur sett sér í umferðaröryggismálum, umhverfismálum og notkun mismunandi fararmáta. Enda verði áfram heimilt að nota hærri hámarkshraða en 30 km/klst. þar sem við á og aðstæður mæla með því. Tillagan fellur einnig vel að markmiðum á landsvísu sem birt eru í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda 2020-2034, sérstaklega undirmarkmiðum a, f, g, sem miða að öryggi barna í umferðinni og öryggi óvarða vegfarenda. Fulltrúar borgarinnar eru reiðubúnir til að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að ræða umsögn borgarinnar frekar, sé þess óskað.

f.h. Reykjavíkurborgar

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri